

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629115	kr. 15 313,71
	<hr/>
	kr. 15 313,71

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 8 760,59
Verðbætur 1983	— 6 426,81
Vaxtatekjur 1983	— 126,31
	<hr/>
	kr. 15 313,71

Reykjavík, 31. janúar 1984.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum farið yfir reikninga þessa, borið þá saman við bankareikn. og tilheyrandi fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 14. febrúar 1984.

Ólöf Pétursdóttir.**Vilborg Gunnlaugsdóttir.**

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Víkingakistunnar, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Sjóð Víkingakistunnar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Víkingakistunnar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 576,22, er haldast skal óskert.

Sjóðinn skal ávaxta á sparisjóðsbókum nr. 2021, 2091 og sparisjóðsreikningi nr. 34643 við Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík. Sparisjóðsbækurnar eru geymdar í bankahólfu nr. 1258 í Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjur sjóðsins skiptast þannig, að 25% skal leggja við stofnfé og 75% renna til kostnaðar og verðlauna.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun í Víkingaskák.

Stefnt skal að opinberri keppni a. m. k. einu sinni á ári í Víkingaskák.

4.1. Keppt skal í flokkum eftir sömu meginreglum og í venjulegri skák.

4.2. Séu flokkarnir tveir, skal 1. flokkur fá 2 hluta á móti einum til annars flokks.

4.3. Séu flokkarnir þrír, fær 1. flokkur þrjá hluta, 2. flokkur tvo hluta og 3. flokkur einn hlut.

4.4. Þannig heldur skipting áfram eftir sömu reglum eftir fjölda flokkanna. Sömu reglur gilda um innbyrðis skiptingu verðlauna í hverjum flokki.

Fari engin keppni fram eitthvert ár, leggjast allar tekjur sjóðsins við stofnfé.

Fjöldi verðlaunahafa eru ekki takmörk sett umfram það, sem umsjónarmenn keppninnar álíta hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn:

Magnús Ólafsson nnr. 6276-4597

Árni Jónsson nnr. 0524-0190

Benjamín Axel Árnason nnr. 1007-4940

Láti einhver framangreindra þriggja manna af störfum í sjóðsstjórninni, sjá hinir tveir um val þriðja manns. Verði stofnað félag um Víkingaskákina skulu félagsmenn kjósa sjóðsstjórn.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. maí, 1984.

Magnús Ólafsson.

Árni Jónsson.

Benjamín Árnason.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld B í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í Skútustaðahreppi eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðahafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágangs gangstéttar. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.